


Fjallabyggð



**FJÁRHAGSÁÆTLUN 2012
61 - ÍBÚÐASJÓÐUR**

Fjárhagsáætlun 2012

Inngangur

Hér á eftir fer tillaga að fjárhagsáætlun og starfsáætlun fyrir Íbúðasjóð Fjallabyggðar.

Félagsmálanefnd tók við hlutverki húsnæðisnefndar eftir síðustu bæjarstjórnarkosningar. Niðurgreiðslur félagslega íbúðakerfisins er fyrirferðamikill hluti af kostnaði félagsþjónustunnar og félagsmálanefnd hefur lagt áherslu á að sá kostnaður verði lækkaður. Í þessari tillögu er gert ráð fyrir lækkun framlags félagsmáldeildar um fjórar milljónir, frá úthlutuðum ramma eða úr 23 milljónum í 19. Á árinu 2011 voru fjórar íbúðir seldar, sex íbúðir eru á söluskrá og vonandi tekst að selja þær.

Útgjaldarammi

Bæjarráð ákvað í upphafi fjárhagsáætlunargerðar, ramma fyrir málaflokka í samræmi við tillögu bæjarstjóra en megin forsenda bæjarráðs er að ganga ekki á eigið fé bæjarfélagsins. Útgjaldarammi fyrir Íbúðasjóð vegna 2012 var settur 12,3 milljónir og er því markmiði náð í þessari tillögu.



Ólafsvegur 28-30



Ólafsvegur 34



Ólafsvegur 32



Bylgjubýggð 59



Aðalgata 52



Bylgjubýggð 63

Leiga

Húsaleiga Íbúðasjóðs tekur breytingum eftir vísitölu neysluverðs.

Gert er ráð fyrir 4% hækkun leigu innan ársins 2012.

Einnig kemur til sérstök hækkun leigu frá 1. Janúar 2012 um 100 krónur á fermetra.

Leiguverð per fermetur í nóvember 2011 var að meðaltali 641,50 kr.

Þjónustugjöld hækka í leiguíbúðum aldraðra í Skálarhlíð.

Starfsmannamál.

1,3 stöðugildi er vegna umsjónar og rekstrar leiguíbúða aldraðra í Skálarhlíð.

Gert er ráð fyrir óbreyttri starfsemi.

Fjárhagsáætlun 2012

	Útgjaldarammi	Áætlun
Aðrar tekjur	-39.010.000	-43.659.000
Laun og launatengd gjöld	6.503.000	6.495.000
Annar rekstrarkostnaður	29.510.000	28.481.000
Afskriftir	10.943.000	10.785.000
Fjármagnsliðir	27.836.000	28.769.000
Framlög félagsmáladeildar	-23.439.000	-19.000.000
Rekstrarniðurstaða gjöld umfram tekjur	12.343.000	11.871.000

Eignasafn er bókfært í upphafi árs á 260 milljónir og skuldir við Íbúðalánasjóð um 450 milljónir

Niðurlag

Lögð er áhersla á að vinna að sölu eignar með aðstoð varasjóðs húsnæðismála.

Skrifstofu- og fjármálastjóri